



Pési

ATH!! Næsti Pési kemur út í apríl Efni þarf að berast í síðasta lagi 5.apríl



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Nú er mikið af nýjum bókum á bókasafninu og vonandi ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18



Gegnir



leitir.is

Inn á slóðunum <http://leitir.is> og www.gegnir.is, nánar tiltekið inná „*Mínum síðum*“ geta lánþegar séð skiladag, framlengt lánum og fleira.

Alltaf er hægt að skila safngögnum í skilalúguna.

Svo er um að gera að „líka við“ bókasafnið á



Sjáumst á bókasafninu ☺


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://>



Bókasafn Hrunamanna
Bókasafn

Sundlaugin á Flúðum. Vetraropnun

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

LOKAÐ á föstudaginn langa og páskadag


Opið á skírdag og annan í páskum frá 13:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi. Vetraropnun

Mánudaga til fimmtudaga 16:00-21:30. Föstudaga: 13:00-18:00.-

Einnig er opið á laugardögum ef mót eru í gangi,
frá kl: 12:00-15:00

LOKAÐ: skírdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum. Opið laugardaginn 31.mars frá 13:00-15:00



Gleðilega páskahátíð!

mars 2018
Rítstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

28. árgangur.
324 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Nú er marsmánuður runninn upp, sem við ætlum að kenna sérstaklega við menningu þetta árið. Við höfum verið minnt á síðustu vikur að það getur enn komið vetur á Íslandi og eru það eflaust nokkur ár síðan það hefur komið drjúgur snjór í sveitinni sem spillt hefur samgöngum. Ég vil þakka verktaka sveitarfélagsins fyrir góða þjónustu varðandi snjómokstur þegar við fengum þessa snjódembu yfir okkur. Þó eflaust hafi fólk mismunandi skoðanir hvort brugðist sé rétt við og nógu fljótt þá get ég samt fullyrt að allir hafa gert sitt besta því óhjákvæmilega þarf að forgangsraða þessari vinnu. Það hefur líka hjálpað til að Vegagerðin hefur aukið vetrarþjónustu á vegum og nú er 6-7 daga mokstur upp að Flúðum og þá er Langholtsvegurinn kominn með 2ja daga mokstur sem er nýmæli. Það hjálpar sérstaklega við að reyna að ná tökum á hálkunni sem er reyndar kannski meira verkefni heldur snjórin yfirleitt.

Nú er verið að leggja lokahönd á ársreikning Hrunamannahrepps fyrir árið 2017. Eitt er það mál sem hefur áhrif á rekstur sveitarfélagsins en það er uppgjör sveitarfélaga landsins vegna framtíðarskuldbindinga við Lífeyrissjóðinn Brú vegna hluta af starfsmönnum sveitarfélaga. Við höfum svo sem vitað að slíkt uppgjör væri yfirvofandi enda nauðsynlegt að hnýta lausa enda varðandi réttindi starfsfólks. Hins vegar voru þetta heldur fjárhæðir hærri en okkur var kynnt og síðan hafa skammir frestir verið til að klára uppgjörin til Lífeyrissjóðsins Brúar. Niðurstaða gagnvart Hrunamannahreppi liggur nú fyrir og nemur fjárhæðin um 100 millj. og kemur hluti hennar eða rúmar 30. millj. inn í rekstur ársins 2017 en restin reiknast sem framtíðarskuldbinding til 30 ára. Við fjármögnuðum þessar greiðslur með lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga en þessar skuldbindingar reiknast þó þannig að þær standa fyrir utan opinbert skuldahlutfall sveitarfélagsins.

Nú var hjónaball ársins haldið með pompi og prakt í íþróttahúsinu á Flúðum. Það fór eins og við vonuðum að þegar stærra húsnæði yrði lagt undir samkomu ársins þá yrði metþátttaka en um 350 manns keyptu sig inn á hátíðina. Ég hrósa hjónaballsnefndinni sérstaklega fyrir að þora að taka þetta skref og alla þá aukavinnu sem þau þurftu að leggja á sig en flutningur á slíkri rótgróinni „stofnun“ kallar ávallt á meiri vinnu í fyrsta skiptið. Þá vil ég einnig hrósa starfsmönnum sveitarfélagsins við að leysa ótal verkefni, stór og smá, vegna hjónaballsins en þetta hefur líka verið mikil lífsreynsla fyrir þá. Varðandi hjónaballið sjálft vona að ég að allir sœm lentu í spéspegli ársins séu ánægðir með að hafa komist á spjöld sögunnar.

Það eru líka aðrir fjórlegir atburðir sem hafa átt sér stað síðustu vikur. Fyrst ber að nefna Lindy Hop hópinn sem hélt lítið eitt aðjöldlegt Lindy Hop dansmót í Félagsheimilinu á Flúðum á dögunum. Það er gaman til þess að vita að fólk horfi til Flúða með viðburði því ef vel tekst til er það góð auglýsing fyrir okkar samfélag og skilur eftir sig jákvæða anga í ýmsri þjónustu. Þess ber að geta að aðstandendur hátíðarinnar voru hæstánægðir með allt. Þá ber að geta menningarmars, sem á að vera áminning um það sem er að gerast menningartengt í sveitarfélaginu. Ef þælt er í þessu þá er náttúrulega allt menning ef út í það er farið. Marsmánaður var formlega settur í félagsheimilinu þann fyrsta mars s.l. þar sem sýning Héraðskjalasafnsins um sögu baráttu fyrir réttindum kvenna, m.a. á Suðurlandi, var sett upp í kaffistofunni. Við sama tækifæri var það vel við hæfi að Hróðný í Dalbæ héldi stutt erindi um ömmu sína Hróðnýju í Dalbæ sem því miður féll alltof snemma frá. Hróðný eldri var nefnilega fyrsta konan sem tók sæti í sveitarstjórn Hrunamannahrepps en það var árið 1982. Nú háttar þannig til árið 2018 að af fimm fulltrúum í sveitarstjórn Hrunamannahrepps eru þrjár konur. Ég hvet síðan alla til að taka þátt í Menningarmars og kynna sér dagskrá mánaðarins.

Varðandi endurvinnslumál vil ég enn og aftur minna á fatasöfnun Rauða krossins en eins og kunnugt er þá er hægt að skila fötum og skóm í gám Rauða krossins á gámasvæðinu á Flúðum. Til að fyrirbyggja allan misskilning mega öll hrein föt fara í fatagáminn. Engu máli skiptir hvort það séu göt á þeim, þau slitin eða annað. Þannig föt nýtir Rauði krossinn þannig að þau eru tætt niður og endurnýtt. Þá mega allir nothæfir skór fara með sömu formerkjum í fatagáminn og jafnvel stakir nothæfir skór en ónothæfir eiga að fara í ruslið.

Nú hefur verið skipaður fulltrúi sveitarfélagsins í 17. júní nefndina og varð Jón Bjarnason fyrir valinu auk þess sem Kolbrún Haraldsdóttir kom inn í nefndina þetta árið vegna forfalla. Þá hefur einnig verið skipaður ruslamálaráðherra fyrir 2018 og ráðherratitilinn hlaut þetta árið hún Kristín Erla Ingimarsdóttir. Við höfum kappkostað að skipta þessum störfum jafnt á milli kynja sem á að vera grunvallarregla í öllum okkar störfum að virkja bæði kynin jafnt. Ég hlakka til samstarfsins við þessa ágætu einstaklinga um þessi góðu og þörfu málefni.

Að lokum vil ég vekja sérstaklega athygli á sameiginlegu atvinnumálþingi Uppsveita sem haldið verður að Borg í Grímsnesi miðvikudaginn 21. mars nk. sem ég vil hvetja alla áhugasama til að kíkja á.

Göngum bjartsýn til verka á móti hækkandi sól.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

MenningarMars í Hrunamannahreppi hófst formlega með opnun á sýningunni *Konur á vettvangi Karla*, í Félagsheimilinu.

10. mars

Opnun á tveimur nýjum sýningum í Listasafni Árnesinga.

Laugardaginn 10. mars kl. 14 verða opnaðar tvær nýjar sýningar í Listasafni Árnesinga.

11.mars

Messa

Messa í Hrepphólakirkju kl 11

12.mars

Kerlingarfjallavinir

Aðalfundur Kerlingarfjallavina í félagsheimilinu, hefst kl 20:00

14.mars

Árshátíð

Árshátíð Flúðaskóla verður haldin kl. 16 þar munu yngsta- og miðstig skólans sýna skemmtidagskrá. Árshátíðin er opin öllum.

Bíókvöld

Bíókvöld- Viðburðurinn er í boði ungmennaráðs Hrunamannahrepps.

Bíósýningin hefst kl 20 í Félagsheimili Hrunamanna og er aðgangur ókeypis.

Félagsmiðstöðin Zero verður með sjoppu.

15. mars

Tónleikar með lögum Magnúsar Eiríkssonar

Kirkjukórinn verður með tónleika í tengslum við „menningarmars“, í *Félagsheimili Hrunamanna fimmtudagskvöldið 15. mars kl. 20:30*. Undirleik sér „Band kórsins“ um, skipað Stefáni Þorleifssyni kórstjóra og organista en hann spilar á hljómborð, Önnu Þórnýju Sigfúsdóttur sem spilar á hin og þessi blásturshljóðfæri, Lofti Erlingssyni á bassa og Unnsteini Eggertssyni á trommur.

Fjöldi einsöngvara kemur fram með kórnum og flytja í sameiningu stórskemmtilegt efni eftir einn ástsælasta tónlistarmanns samtímans.

Ekki einungis hefur Magnús Eiríksson átt flest vinsælustu dægurlög undan- genginna ára heldur líka texta við þau sem alltaf eiga erindi til fólks og eru þar af leiðandi tímalaus.

Aðgangseyri verður stillt í hóf, einungis 1.500 kr.

17.mars

Hrunamannadagur í Listasafni Árnesinga

Efnt er til Hrunamannadags í Listasafni Árnesinga þar sem boðið verður upp á leiðsögn um sýninguna kl. 14:00 og fjölskyldusmiðja verður í gangi í safninu kl. 13:00-16:00. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu safnsins www.listasafnarnesinga.is og www.facebook.com/listasafnarnesinga þegar nær dregur.

Aðgangur að Listasafni Árnesinga er ókeypis og allir velkomnir.

18.mars

Fjölskylduguðþjónusta

Fjölskylduguðþjónusta í Hrunakirkju kl 11

21. mars *Árshátíð.*

Árshátíð Flúðaskóla fyrir elstastig skólans. ATH árshátíðin er aðeins fyrir foreldra og forráðamenn nemenda á elsta stigi. Eftir páska mun leiksýningin sem flutt er á árshátíðinni verða sýnd fyrir alla áhugasama. Nánari upplýsingar um tímasetningu koma síðar.

Atvinnumálalöping.

Atvinnumálanefndir Uppsveitanna munu standa fyrir Atvinnumálalöpingi í Félagsheimilinu á Borg.

Þingið hefst með súpu kl 19:00. Nánari dagskrá er á heimasíðum og fésbókarsíðum sveitarfélaganna.

23.mars. *Uppsveitadeildin*

Annað mótið í uppsveitardeildinni, keppt verður í fimmgangi. Nánari upplýsingar um mótið er að finna á fésbóksíðu mótsins. <https://www.facebook.com/uppsveitadeild2018/>

24.mars. *Byggðasafn Árnesinga á Eyrarbakka.*

Um páskana, 24. mars til 2. apríl verður Húsið á Eyrarbakka opið 13-17 að báðum dögum meðtöldum. Í borðstofu verður sýning á pólskum páskahefðum.

Sjá nánar www.husid.com og <https://www.facebook.com/husideyrarbakka/>

30. mars

Passíusálmalestur

Passíusálmalestur í Hrepphólakirkju kl 13.



Kæru sveitungar.

Í ár ber páskadag upp á 1. apríl og vakin er athygli á því að engin aprílgöbb verða með auglýsingar á páskamessum! Þær verða allar þrjár á sínum stað, kl. 8, 11 og 14. Að venju verður Passíusálmalestur í Hrepphólakirkju á föstudaginn langa með þátttöku fermingarbarna og fjölskyldna þeirra, sem og eldri borgara og annarra úr prestakallinu. Framundan er messuheimsókn í Hrepphólakirkju frá presti, organista og kirkjukór Hvammstangakirkju og svo verða kærkomin tímamót þegar fyrsta messa verður sungin í Stóra-Núpskirkju eftir viðgerðarhlé. Sú messa verður sunnudaginn 18. mars. Fyrstu fermingar þessa árs verða á skírdag en þá verða þrjú börn fermd í Ólafsvallakirkju. Skipulagið framundan er sem hér segir:

11. mars: Guðsþjónusta í Hrepphólakirkju kl.

11. Messuheimsókn frá presti, organista og kirkjukór Hvammstanga.

18. mars: Fjölskylduguðsþjónusta í Hrunakirkju kl. 11 og messa í Stóra-Núpskirkju kl. 14.

29. mars – skírdagur: Ferming í Ólafsvallakirkju kl. 11.

30. mars – föstudagurinn langi: Passíusálmalestur í Hrepphólakirkju frá kl. 13.

1. apríl – páskadagur: Hátíðarmessa í Hrunakirkju kl. 8, hátíðarmessa í Hrepphólakirkju kl. 11 og hátíðarmessa í Stóra-Núpskirkju kl. 14.



Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um kirkjustarfið á heimasíðunni hruni.is.

Sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur

Netfang: hrunaprestur@gmail.com - farsími: 8561572.

Veitingastaðurinn Við Faxa í Biskupstungum óskar eftir starfsfólki.

Okkur vantar starfsfólk bæði í hlutastarf og fullt starf í sumar.
Starfið felst í afgreiðslu og einföldum eldhústörfum s.s. uppvaski og þrifum.
Gerð er krafa um snyrtimennslu og heiðarleika
einnig er einhver enskukunnátta æskileg.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum.



Umsóknarfrestur er til og með 1. Apríl 2018
Nánari upplýsingar og umsóknir sendist á netfangið
vidfaxes@gmail.com
eða hringið í síma 848 1101



Sumarstarfsmaður - áhaldahús!

Aðstoðarmann á hreinsibíl vantar sumarið 2018
Laun og ráðningarkjör eru skv. kjarasamningum Félags
opinberra starfsmanna og nánara samkomulagi.

Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri
Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða
jon@fludir.is. Umsóknum skal skila á
skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi
23. mars n.k.



Höfum tekið í umboðssölu fóður frá
Josera og deheus
Verið velkomin til okkar
Árni ehf Smiðjustíg 6



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi 432-2000

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímáptanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippir í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:00

Sími: 480-6600



Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

(Félagar í Félagi eldri Hrunamanna fá afslátt (5.500))

Tímáptanir í síma: 863 0433

Allir velkomnir

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Menningarklasi uppveita Árnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabil 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is



**RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS**

**TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU**



**SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA**

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

**SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.**

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS

**TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og
Skeiða og Gnúpverjahr.**



**Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.**

TAXI DRIVER Sími: 7760810 & 7831224

Sumarvinna.

Hrunamannahreppur óskar eftir starfsfólki í sumarvinnu við sundlaugina á Flúðum. Viðkomandi þurfa að hafa náð 18 ára aldri og ljúka sundlaugarvarðarprófi og skyndihjálparnámskeiði.

Umsóknir berist til Árna Þórs á netfang: arni@fludaskoli.is fyrir 10. apríl nk.

Allar nánari upplýsingar hjá Árna Þór í síma 849 3870 eða á netfang: arni@fludaskoli.is



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
sími: 888-1975/865-7499

Samkaup **strax**

Flúðum

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 09:00-19:00

Laugardaga: 10:00-19:00

Sunnudaga: 11:00-18:00

Sími: 486 6633

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN

fontana

Hotubúnd frá landnámi

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.


Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reyf skynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á slökkvitaeki@babubabu.is

Nudd - Massage

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Bergholti - Kistuholti 3, Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir og nánari upplýsingar má finna á facebook síðunni minni: NG ehf



<https://www.facebook.com/NGBowenognudd/>

og í síma 8976944.

Nils G. – Bowentæknir og nuddari.

Now you can get full body massage and Bowen technic treatment in Bergholt - Kistuholti 3, Reykholt. You can find online booking and more information on my facebook page: NG ehf <https://www.facebook.com/NGBowenognudd/>

Nils G. tel: 8976944

nilsgudjon@gmail.com

Frá Félagi eldri Hrunamanna

Aðalfundur félagsins verður haldinn *miðvikudaginn 21. mars kl. 14:00 í Félagsheimili Hrunamanna.*

Almenn aðalfundarstörf;

- *Fundargerð, skýrsla formanns og reikningar félagsins*
- *Kosningar. Kjósa skal um ritara, varastjórn og skoðunarmenn reikninga. Þeir sem gegna þessum störfum núna gefa kost á sér til áframhaldandi starfa*
- *Önnur mál*
- *Kaffi í boði FEH*

Stjórn vonast eftir góðri þátttöku félaga

Vinnuskóli

Verður starfræktur frá 11. júní til og með 13. júlí í sumar. Miðað er við að umsækjendur séu fæddir á árunum 2002–2004.

Umsóknir þurfa að berast fyrir 27. apríl á Skrifstofu Hrunamannahrepps eða á netfang hruni@fludir.is.

Nánari upplýsingar í síma 480 6600 eða á netfang: hruni@fludir.is





Aðalfundur Kerlingarfjallavina 2018

**Aðalfundur Kerlingarfjallavina verður mánudaginn 12. mars kl.
20:00**

**í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. Á dagskrá eru
hefðbundin aðalfundarstörf.**

**Að loknum aðalfundi mun Páll Gíslason segja frá ýmsum
framkvæmdum í Kerlingarfjöllum.**

**Við hvetjum alla félagsmenn til að mæta
og kynna sér starfsemi félagsins.**

Nýir félagsmenn velkomnir. Kaffiveitingar í boði.

Baggamunur

Bókhalds- og skattþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035

Sumar vinna Samkaup Strax Flúðir

Verzlunin Samkaup Strax Flúðum leitar að öflugum starfskrafti í almenn verslunarstörf sumarið 2018

*100% starf og aðra hvora helgi,
Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, reglusemi og árverkni í hvívetna.*

Umsóknir sendist á fludir@samkaupstrax.is

Páskamót 2018

Árlegt Páskamót í frjálsum íþróttum verður haldið í íþróttahúsinu á Flúðum laugardaginn 31.mars og hefst kl. 13.00. Keppt verður í mörgum flokkum að venju og keppnisgreinar eru langstökk án atrennu, hástökk með atrennu, þrístökk án atrennu, kúluvarpi og spretthlaup. Þátttökuskjöl verða veitt keppendum en að auki fá stigahæstu keppendur í kvenna og karlaflokki sérstök verðlaun fyrir besta árangur mótsins.

Skráning er á staðnum. Allir ungir jafnt sem aldnir eru hvattir til að koma og keppa og hafa gaman af. Með von um að sjá sem flesta

Stjórn frjálsíþróttadeildar UMFH



Litla Melabúðin

FARMERS MARKET

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr
heimabyggð.

Locally grown
Locally owned

Beint frá bjóli

Grænmeti, kryddjurtir,
holdanautakjöt, eldis-
silungur, heimagerðar
sultur og flatkökur,
Arna laktósafriar
mjólkurvörur og margt
fleira.

Vegetables, herbs,
Angus beef, brown
trout, homemade jams
and flatbreads, Arna
lactose free dairy and
variety of other
products.

Melum, Flöðum
Hrunamannahrepp

@litlamelabudin
www.facebook.com/litlamelabudin





**Bíla- og
smáflutningar
8917772**

Steinsögun

Tek að mér steinsögun í uppsveitum Árnessýslu, get sagað allt að 27 cm.

Verð og aðrar upplýsingar veitir Kristján Valur í síma: 8657158



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



Vetrarmót Smára 2018 - hið fyrra-

Kæru Smárafélagar



Þá fer að líða að fyrra vetrarmótinu okkar en laugardaginn 10. mars nk er stefnan tekin á Torfdal með gæðinginn og góða skapið í farteskinu.

Mótið hefst kl 13:00 með skráningu og pollastund frá kl 13-13:30. Barnaflokkur hefst svo stundvíslega kl 14 og svo flokkarnir koll af kalli.

Keptt verður í tölti (T7) - riðið undir stjórn þuls hægt tölt og frjáls ferð. Létt og skemmtilegt í alla staði. 5 efstu ríða úrslit en 10 efstu knapar safna stigum í stigakeppni vetrarmótanna.

Lífland gefur vegleg verðlaun fyrir 3 efstu sætin í öllum flokkum og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Flokkarnir verða eftirfarandi:

- Þrautabraut í reiðhöll fyrir polla
- Barnaflokkur
- Unglingaflokkur
- Ungmennaflokkur
- Áhugamannaflokkur
- Opinn flokkur

Þátttökurétti er þannig háttáð: gjaldgengir eru Smárafélagar allir í barna, unglinga, ungmenna og áhugamannaflokk. Hross þarf ekki að vera í eigu félagsmanns. Opinn flokkur er öllum opinn óháð félagsaðild. Þjóðum við nágranna og vini hjartanlega velkomna.

Vakin er athygli á því að keppendum í unglinga og ungmennaflokki er einnig heimil þátttaka í opnum flokki með sitt annað hross.

Hvort mótið verður haldið úti eða inni fer eftir veðri og ástandi vallarins en ef aðstæður leyfa verðum við úti.

Unghrossaflokkur verður á sínum stað á seinna vetrarmótinu þann 21. apríl. Unghross þurfa að vera í eigu Smárafélaga, vera 4-6 vetra (á árinu) en knapi þarf ekki að vera félagsmaður í Smára.

Hlökkum til að sjá ykkur - hress og kát laugardaginn 10. mars!

Bestu kveðjur
Mótanefndin

P.S enn á ný hvetjum við til þess að fylgst sé með á fésbókinni. En þar má einnig finna nánari útlitun á tilhögun vetrarmótanna. Endilega hikið ekki við að senda okkur spurningar ef einhverjar eru varðandi vetrarmótin.

80
STAÐIR
UM LAND ALLT

E **EIMSKIP**
Flytjandi



PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

E **EIMSKIP**
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



Sorphirðudagatal Hrunamannahreppur 2018

janúar				febrúar				mars									
sun	mán	þri	mið	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fös	lau
1	2	3	4	5	6	1	2	3				1	2	3			
7	8	9	10	11	12	4	5	6	7	8	9	4	5	6	7	8	9
14	15	16	17	18	19	11	12	13	14	15	16	11	12	13	14	15	16
21	22	23	24	25	26	18	19	20	21	22	23	18	19	20	21	22	23
28	29	30	31			25	26	27	28			25	26	27	28	29	30

apríl				maí				júní									
sun	mán	þri	mið	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fös	lau
1	2	3	4	5	6	1	2	3	4	5		1	2	3	4	5	6
8	9	10	11	12	13	6	7	8	9	10	11	3	4	5	6	7	8
15	16	17	18	19	20	13	14	15	16	17	18	10	11	12	13	14	15
22	23	24	25	26	27	20	21	22	23	24	25	17	18	19	20	21	22
29	30					27	28	29	30	31		24	25	26	27	28	29

júlí				ágúst				september									
sun	mán	þri	mið	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fös	lau
1	2	3	4	5	6	1	2	3	4	5	6	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	5	6	7	8	9	10	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	12	13	14	15	16	17	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	19	20	21	22	23	24	23	24	25	26	27	28
29	30	31				26	27	28	29	30	31	30					


október				nóvember				désember									
sun	mán	þri	mið	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fös	lau
1	2	3	4	5	6	1	2	3	4	5	6	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	4	5	6	7	8	9	7	8	9	10	11	12
14	15	16	17	18	19	11	12	13	14	15	16	14	15	16	17	18	19
21	22	23	24	25	26	18	19	20	21	22	23	16	17	18	19	20	21
28	29	30	31			25	26	27	28	29	30	23	24	25	26	27	28

- Sorp - Efri Hrunamannahreppur
- Sorp - Neðri Hrunamannahreppur
- Blá tunna - Allur Hrunamannahreppur
- Rülluplast - Allur Hrunamannahreppur

Athugið að losunardagar geta breyst án fyrirvara svo sem út af veðri. Hirðing fer þá fram við fyrsta mögulega tækifæri. Ekki verður tilkynnt um þetta sérstaklega. Flúðir skiptast milli sveða eftir Litlu laxá.



Sími: 577-5757 — gamur@gamur.is



ATVINNUMÁLAPING UPPSVEITANNA
21. MARS 2018
Félagsheimilinu Borg í Grímsnes- og Grafningshr.

19:00 Súpa og brauð í boði sveitarfélaganna

19:30 Ferðapjónustan og aðbúnaður starfsfólks,
Sölvi í Efsta Dal, Bláskógabyggð

19:50 Fyrirtæki og afleidd þjónusta,
Björgvin í Laxárdal, Skeiða og Gnúpverjahreppi

20:10 Að skapa sér atvinnu heima fyrir,
*Sigrún Jóna á Stóra Hálsi, Grímsnes- og
Grafningshreppi*

20:30 Upphafið og staðan í dag,
Hörður í Gröfutækni, Hrunamannahreppi

20:50 Kaffihlé

21:10 Framleiðsla og sala,
Sindri í Sindrabakaríi, Hrunamannahreppi

21:25 Skipulagsferlið fyrir aðila í framkvæmdum,
einstaklingar og fyrirtæki, *Pétur Ingi skipulagsfulltrúi
há Umhverfis- og tæknisviði uppsveita*

21:45 Ráðgjöf og styrkir, SASS

22:00 Umræður og fundarlök



**Hlökkum til að sjá ykkur
Atvinnumálanefndir
Uppsveitanna**



Frá opnun „Menningarmars“ í félagsheimilinu þann 1.mars



Hróðný Jónsdóttir flutti erindi um ömmu sína og nöfnu við opnun „menningarmars“ þann 1.mars sl.



Frá undirritun samstarfssamnings um rekstur á seyruvæði á Flúðum



Gjálp - félag um atvinnuuppbyggingu við Þjórsá óskar eftir samtali við einstaklinga, fyrirtæki eða hópa sem leita sér að fjölnota atvinnurými fyrir þjónustu, skrifstofu, fundar eða kynningar til skemmi eða lengri tíma í Uppsveitum Árnassýslu.

Áhugasamir hafi samband við félagið í gegnum netfangið gjalpfeilag@gmail.com eða í gegnum skilaboðakerfi Facebook; www.facebook.com/gjalp

Áhugasamir yrðu í kjölfarið boðaðir á kynningarfund um málið.

Uppbyggingarsjóður Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um styrki

- 1 Menningarverkefni**
Til eflingar á menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi
- 2 Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni**
Styðja við atvinnuskapandi og/eða framleiðni- aukandi verkefni á Suðurlandi
Starfandi fyrirtæki eru sérstaklega hvött til að sækja um



Ertu með frábæra
hugmynd?



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna. Nánari upplýsingar á vef SASS.

Umsóknarfrestur er til hádegis 13. mars 2018



STYRKIR@SASS.IS



WWW.SASS.IS



S. 480-8200

Uppbyggingarsjóður er hluti af



SÖKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Jóga fyrir byrjendur

Ég ætla að bjóða upp á byrjendanámskeið í jóga á þriðjudögum í mars og apríl. Þetta eru 6 tímar og 1. tími verður 20 mars.

Upplýsingar í síma 8685751 eftir 15. mars eða í tölvupósti fjola@foldvegur.is





Freyju Páska (eggja) töltmót Smára – Loga – Trausta - í samstarfi við sælgætisgerðina Freyju

Kæru Smárafélagar og aðrir hestamenn.

Daginn fyrir skírdag, þann 28. mars munum við Smárafélagar ásamt vinum okkar í Loga og Trausta standa saman að töltmóti.

Við munum byrja síðdegis og tölta saman eitthvað fram eftir kvöldi í reiðhöllinni í Torfdal. Keppt verður í T3 þar sem riðið er hægt tólt, hraðabreytingar á tólti og greitt tólt. Riðið verður undir stjórn þuls, 2-3 inná í einu.

Flokkar verða eftirfarandi:

- barnaflokkur
- unglingsflokkur
- ungmennaflokkur
- áhugamannaflokkur
- opinn flokkur

Riðin verða úrslit í öllum flokkum og páskaegg frá Freyju í verðlaun.

Þetta verður skemmtileg kvöldstund og hvetjum við alla, stóra sem smáa, til að skrá sig og vera með.

Nánar auglýst þegar nær dregur á facebook síðum hestamannafélaganna þriggja – svo fylgist endilega vel með þar inni.

Höfum gaman saman og hópumst í Reiðhöllina með gæðingana okkar þann 28. mars.

Bestu baráttukveðjur
Mótanefndin